

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu
Norðurárdalshrepps, Stafholtstungahrepps, Borgarnesbæjar
og Hraunhrepps í Mýrasýslu.**

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 28. mars 1994 staðfest sameiningu Norðurárdalshrepps, Stafholtstungahrepps, Borgarnesbæjar og Hraunhrepps í Mýrasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar og bæjarstjórnin skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 28. mars 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á legu 220 kV háspennulína frá Búrfellsvirkjun
að Svartárkoti í Bárðardal.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 22. mars 1994 staðfest legu 220 kV háspennulínu frá Búrfellsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal, svo nefnd Búrfellslína 4, um sveitarfélögin Gnúpverjahrepp, Holta- og Landsveit, Ásahrepp, Djúpárhrepp og Bárðdælahrepp.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínunnar hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um. Uppdráttinn hefur skipulagsstjórn ríkisins afgreitt til staðfestingar ráðherra.

Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.